

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 25. september 1975.

Fyrir liggur umfangsmikil dómsrannsóknarkrafa samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 13. ágúst sl., sbr. dómsskjal nr. 21. Rannsókn þessi er ekki hafin enn, en gæsluvarðhaldsvist kærða rennur út á morgun, og þykir því nauðsyn bera til að framlengja gæsluvarðhaldsúrskurð, uppkveðinn 27. ágúst 1975.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, svo og eðli þess brots, sem kærði er sakaður um, þykir rétt með vísan til 1. og 4. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála að framlengja gæsluvarðhaldsvist kærða um 90 daga frá og með 27. september 1975 að telja.

Því úrskurðast:

Kærði, Sigurgeir Einar Karlsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 90 dögum frá 27. september 1975 að telja.

Miðvikudaginn 8. október 1975.

Nr. 141/1975. **Carl J. Eiríksson**

gegn

Emil Ágústssyni borgardómara.

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. september 1975, sem barst réttinum 3. þ. m. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 26. ágúst 1975, verði úr gildi felldur.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 10.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Carl J. Eiríksson, greiði varnaraðilja, Emil Ágústssyni, kærumálskostnað, 10.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. ágúst 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 16. f. m., hefur Carl J. Eiríksson, Rauðalæk 3, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 17. janúar 1975, á hendur Emil Ágústssyni borgardómara, Reynimel 62, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru óbreyttar frá stefnu, en þar segir svo: „Fyrir dómi geri ég eftirfarandi kröfur um aðfinningar á hendur Emil:

1) Að leiðrétt verði öll þau tilvik í dómi borgardóms 4. júní 1974 í málinu nr. 2/1971, þar sem rangt er farið með staðreyndir, sbr. aths. mínar til borgardóms, skriflega, dags. 26/9 '74 og 17/10 '74.

2) Að leiðrétt verði öll þau tilvik í sama dómi, þar sem orðalagið er óljóst eða tvírætt, með því að nota í staðinn ótvírætt orðalag.

3) Að leiðrétt verði öll hlutdrægni Emils í dómnum, sem kemur fram á nokkrum stöðum í dómnum, sbr. áður nefndar aths. mínar til borgardóms.

Framangreindar kröfur um aðfinningar eru settar fram í samræmi við 195. gr. laga nr. 85/1936 og 38. gr. laga nr. 75/1973.

4) Ennfremur fer ég fram á að mér verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til vara geri ég sömu kröfur og hér að framan greinir, að undanskildum tölulið nr. 3)“.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá dómi

og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Í fylgiskjali með greinargerð sinni, sem lagt var fram sem dskj. nr. 3, segir stefnandi m. a.:

„Þær helztu ritvillur og þær helztu skekkjur, sem ég krefst að leiðrétta séu, eru þær sem nú skal greina:

1) Á bls. 291 í endurriti dómsins segir svo: „3. að félagið sjái um, að hlíf sé eftir því sem unnt er af gróðri þeim sem nú er á lóðinni“. Hér á réttilega að standa „hlynt“ „að“ í stað „hlíf af“.

2) Á bls. 302: Í línu 19 á að standa „áramót 1973—1974“ í stað áramót 1973“.

3) Á bls. 292 er smávilla í línu 24: les „leit“ í stað „leið“.

4) Á bls. 303, línur 8 og 9, eiga að vera svohljóðandi: „Engu framanraktra bréfa hefur verið mótmælt“ (eða annað orðalag sömu merkingar). Ég hef borið þetta atriði undir úrskurð íslenzkusérfræðings og kennara, og hann hefur aftur leitað álits nokkurra annarra íslenzkumanna, og það er álit sérfræðingsins, að línur 8 og 9 í dómnum séu ekki nægilega skýrar til að ekki sé unnt að misskilja þær.

5) Á bls. 303, línur 11 og 12, eiga að vera svohljóðandi: „að hin þinglýstu skilyrði gjafabréfsins frá 11. apríl 1949 fyrir gjöf-inni hafi ekki öll verið haldin“. (Orðalagið: „Öllum hefur ekki verið mótmælt“ er setningafræðilega hliðstætt við: „Öll hafa ekki verið haldin“. Þó á dómariinn við það, í fyrra tilvikinu, að alls engu þeirra hafi verið mótmælt, en í síðara tilvikinu á hann aftur á móti við það, að ekki hafi öll skilyrðin verið haldin, heldur aðeins sum þeirra. Þannig notar dómariinn samskonar orðalag til að tákna tvö ólík hugtök).

6) Á bls. 303, lína 23, á að vera þannig: „... þessa þá hafi stefndi svo verulega brotið sum . . .“ o. s. frv.

7) Á bls. 304 sleppir dómariinn að taka fram, að ég tók það skýrt fram í málinu, að lóðin var skert 1967 eða síðar langt umfram það sem neinar skipulagsbreytingar kröfðust, sbr. ljósmynd á dskj. 24 o. fl., og að ekkert land kom í staðinn fyrir mest af þeirri skerðingu. Þó setur dómariinn hið gagnstæða (sem er ósatt) fram í línunum 24—27 á bls. 305, án athugasemda. Með þessu dregur dómariinn stórlega taum stefnds, og gerir þar með á hluta minn.

8) Á bls. 304 á lína 26 að vera svona: „við skerðingu þess. Af öllu þessu sé því ljóst, að sum . . .“ o. s. frv.

9) Á bls. 305 ofarlega sleppir dómariinn að taka fram, að ég margítrekaði í málinu, að ekki væri tómlæti að höfða mál með

stefnu 1970, þar sem ég vissi ekkert um sumar af vanefndunum við hina stærstu skerðingu á landinu (10.000 m² skerðingu) 1967 eða síðar, fyrr en 1970. Engum gat heldur verið ljóst fyrr en 1968 eða einu ári eftir skerðinguna, að ekki yrði sett nein girðing „innan eins árs“, eins og var skilyrði fyrir gjöfinni. Frá 1968 og til sumars 1970, er ég kvartaði við Sumargjöf, væri of stuttur tími til að ég tapaði neinum rétti vegna „aðgerðarleysis“, einkum þegar um fasteign væri að ræða. Það er sérstaklega gert á minn hlut, af hálfu dómarsins, að sleppa framangreindum athugasemdum mínum, sem koma öll fram í málinu, einkum er það óréttmætt gagnvart mér að sleppa þessu í dómnum, þar sem dómariinn dæmdi mér tap í málinu eingöngu vegna „aðgerðarleysis“ og „langs tíma“, og miðar þá við liðinn tíma frá 1949 eða 1950. Dómariinn hafði þó lofað mér því hátíðlega, áður en dómur var kveðinn upp, að ég þyrfti engar áhyggjur að hafa af því að ekki kæmu öll mín sjónarmið fram í málinu, því að þau kæmu öll greinilega fram í dómnum.

10) Á bls. 305 er smávilla í línu 12, þar á að standa „séð“ í stað „sé“.

11) Á bls. 305 minnst dómariinn athugasemdalaust á „óskir fyrrverandi eigenda“, í línu 14. Dómariinn nefnir hvernig, að ég tók það sérstaklega fram í málinu, að þetta væru skilyrði en ekki „óskir“.

12) Á bls. 305 sleppir dómariinn enn fremur því, að ég tók skýrt fram í málinu, að ef Sumargjöf teldi sig ekki geta kennt 3—6 ára börnum trjárækt og matjurtarékt, þá hefði átt að hafa þar eldri börn, því að gefendur settu engin aldursmörk. Ég tel það gert á minn hlut að minnast ekkert á þetta í dómnum, en láta þess í stað líta svo út sem ekki mættu vera eldri börn en 6 ára í Steinahlíð. Sjá línur 20 og 21, bls. 305.

13) Á bls. 306 segir í línunum 27—28: „Dómariinn hefur kannað vettvang, fyrst í maí 1973 og síðan aftur eftir dómtöku málsins“. Þetta er rangt. Dómariinn, sem leiðbeindi mér í málinu, og sem bar lagaskylda til þess, tjáði mér, að óþarfi væri að kveðja fyrir dóminn vitni til að lýsa ástandi gömlu girðingarinnar, sem var um lóðina 1970—1972, vegna þess, að hann sjálfur (dómariinn) hefði kynnt sér ástand gömlu girðingarinnar veturinn 1971—1972 og hann hefði séð hvernig girðinguna vantaði alveg á köflum og hvernig hún lá alveg niðri á jörðinni (hallaðist ekki) á köflum, og að þetta myndi koma fram í dómnum. Vitni væru því óþörf. Dómariinn skoðaði þannig girðinguna veturinn 1971—72. Það er

því rangt að dómariinn hafi fyrst kannað vettvang í maí 1973. Í maí 1973 var búið að fjarlægja algerlega gömlu girðinguna og nýja girðingin komin upp að öllu leyti nema því, að klæðningu vantaði á langböndin á smáköflum. Aðeins var smáop fyrir innkeyrslu við norðurhornið. Í maí 1973 fór dómariinn í Steinahlíð ásamt mér og lögmanni Sumargjafar, til að yfirheyra forstöðukonuna, en er því var lokið, þá gengum við út. Ég bað dómariinn að ganga um landið og skoða það með mér, því að ég vildi sýna honum viss verksummerki, en hann afþakkaði það og ók burt. Ég ítreka það, að í maí 1973 var fyrir löngu búið að fjarlægja alla gömlu girðinguna, sbr. yfirlýsingu garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar á dskj. nr. 25, sjá bls. 302 í endurriti dómsins. Þar sést, að 7. apríl 1973 varð vinnustöðvun vegna efnisskorts, en það eina, sem vantaði, var klæðning á smákafli. Gamla girðingin var horfin fyrir 7. apríl 1973.

14) Á bls. 307, í línunum 4—7, kemur enn gleggri í ljós, að dómariinn vill ekki láta það koma fram, sem ég tók fram, að börnin í Steinahlíð hefðu átt að vera eldri en 6 ára, sbr. lið 12) hér ofar.

15) Á bls. 307, í línunum 9—16, lýsir dómariinn því sem fyrir augun bar í Steinahlíð mörgum árum eftir málshöfðun mína, þegar Sumargjöf er að reyna að slá ryki í augu dómaraans með því að breyta aðstæðum. Þetta gerðist þegar dómariinn fór í Steinahlíð, en hafði tilkynnt Sumargjöf komu sína fyrirfram, með símtali. Dómariinn sleppir að segja frá þeim afar mikilvæga hlut, sem ég benti sérstaklega á í málinu, að með framburði forstöðukonunnar var sannað, að börnin dvöldust ekkert að ráði utan hins sérafgirta, gróðurlausa malarleikvallar við Gnoðavog, því að forstöðukonan hélt því fram við yfirheyrslu hjá dómaraanum, að óþarfi væri að hafa girðingu um gróðurlandið, við hliðið, vegna þess, að girðing væri í staðinn við Gnoðavog (um malarleikvöllinn). En á gróðurlausum malarvelli læra börnin ekki neina trjá-rækt né matjurtarækt.

16) Á bls. 307, í línunum 24—25, segir dómariinn, að gamla girðingin hafi víða verið „léleg“. Eins og sést á lið 13) hér að framan, treysti ég því, að dómariinn gæfi þá lýsingu á girðingunni í dómnunum, sem hann hafði lofað mér, er hann sagði að óþarfi væri að kalla vitni fyrir réttinn til að lýsa girðingunni og ástandi landsins 1971—1972, sem þá var nærri óbreytt frá 1970. Það er alls ekki rétt að girðingin hafi aðeins verið „léleg“. Hún var miklu verri en það.

17) Á bls. 307 neðst og á bls. 308 efst er lýsing á því sem gerðist

mörgum árum eftir að málið er höfðað. Óþarft ætti að vera að reyna að fegra málstað Sumargjafar með því að tína til hluti, sem gerðir eru eftir málshöfðun, einungis af ótta Sumargjafar við að missa $\frac{1}{3}$ hluta í eigninni. Slíkt á auðvitað ekki að hafa nein áhrif á málið, þetta var gert allt of seint og var auk þess alls ófullnægjandi og hefði alls ekki átt að eyða orðum að því í dómnum“.

Nánari útlistun stefnanda í greinargerð hans er á þessa leið: „Atriði nr. 2, 4, 5, 6 og 8 í dskj. nr. 3 þarfnast ekki nánari skýringa.

Um atriði nr. 7 vil ég útskýra nánar, að það er krafa mín að felld verði niður úr dómnum þau ósannindi á bls. 305, að lóðin hafi „ekki verið skert umfram það, sem allra brýnasta tilfæring vegna skipulagsbreytinga hefur krafist og þá annað land verið látið í té endurgjaldslaut í staðinn“ (sbr. norðurhorn lóðarinnar, sem var tekið að þarflausu, og aftur sett innan girðingar 1972—73, sbr. dóminn, bls. 308 efst). Einnig krefst ég þess að sagt verði frá því í dómnum, að ég tók fram í málinu, sem var skriflega flutt, sjá hdskj. nr. 8, að lóðin var skert 1967 eða síðar langt umfram það, sem neinar skipulagsbreytingar kröfðust, sbr. ljósmynd á dskj. nr. 24 í málinu nr. 2/1971 o. fl., og að ekkert land kom í staðinn fyrir mest af þeirri skerðingu (fyrir en 1972).

Um atriði nr. 9 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að sagt verði frá því í dómnum, sem í atriði 9 segir, að dómariinn sleppi að segja frá, varðandi það sem ég tók fram ítrekað, í skriflegum málflutningi, um að ekki væri um aðgerðarleysi né tómlæti að ræða af minni hálfu. Þetta rökstuddi ég mjög rækilega í málflutningi, sjá hdskj. nr. 8.

Um atriði nr. 11 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að í dómnum verði skilyrðin nefnd skilyrði, en hvergi óskir. Í stað orðanna: „virtar hafi verið óskir“ (á bls. 305 í dómnum) komi orðin: „haldin hafi verið skilyrði“ o. s. frv.

Um atriði nr. 12 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að sagt verði frá því í dómnum, sem í atriði 12 segir að dómariinn sleppi. Sjá hdskj. nr. 8.

Um atriði nr. 13 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að í stað orðanna: „Dómariinn hefur kannað vettvang fyrst í maí 1973 ...“ komi orðin: „Dómariinn hefur skoðað gömlu girðinguna veturinn 1971—1972 og síðan kannað vettvang í maí 1973 og aftur eftir dómtöku málsins“.

Um atriði nr. 14 í hdskj. nr. 3 vísast til atriðis nr. 12 og þess sem um það segir hér að framan.

Um atriði nr. 15 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að sagt verði frá því í dómnum, sem í atriði 15 segir að sleppt sé. Sjá hdskj. nr. 8. Einnig krefst ég þess, að sagt verði frá því, að dómariinn tilkynnti Sumargjöf komu sína í maí 1973 fyrirfram, með símtali.

Um atriði nr. 16 í hdskj. nr. 3 vísa ég til yfirlýsingar Hafliða Jónssonar, garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar, dags. 14. nóv. 1974, og krefst þess að dómariinn lýsi nánar því, sem hann sá, er hann skoðaði girðinguna veturinn 1971—1972.

Um atriði nr. 17 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að sleppt verði úr dómnum öllum fögrum lýsingum á aðstæðum í Steinahlíð eftir að málið nr. 2/1971 var höfðað, t. d. krefst ég þess, að á bls. 307 í dómnum verði felldar niður setningarnar: „Af vettvangsskoðunum varð ... sé blómleg“ og „Á hinn bóginn aftur á móti er ljóst ... aftur sett innan girðingar“. Varðandi þessa seinni setningu krefst ég þess til vara, að felld verði niður orðin: „Á hinn bóginn aftur á móti“, þar sem þessi orð gefa í skyn að það sé einhver málsbót fyrir Sumargjöf að fegra aðstæður í Steinahlíð löngu eftir að ég höfðaði málið.

Ég vil sérstaklega taka fram, að í dómsgerðum málsins nr. 2/1971 segir þ. 11/2 1974, að dómariinn hafi kynnt sér ástand girðingar og lóðar árið 1971. Þetta er undirritað athugasemdalaust af Emil Ágústssyni, og er því viðurkenning hans á því, að það var ekki í maí 1973, sem hann fór í fyrsta sinn á vettvang, eða skoðaði girðinguna í fyrsta sinn. Gamla girðingin var horfin í maí 1973. Í hdskj. nr. 6 segir, að gamla girðingin hafi verið tekin niður jöfnum höndum og sú nýja var sett upp. En á bls. 302 í dómnum segir í yfirlýsingu Hafliða, að girðingarvinnan hafi stöðvast vegna efnisskorts frá 7/4 '73 til 7/10 '73. Það, sem þá vantaði, var aðeins klæðning á smákafli girðingarinnar og ör-stuttur kafli, þar sem engin gömul girðing var fyrir, enda sést hvergi gamla girðingin á neinni hinna 6 ljósmynda á hdskj. nr. 7, en þær myndir eru allar teknar þ. 19/9 '73, þ. e. á meðan ekkert var unnið við girðingar í Steinahlíð skv. upplýsingum Hafliða og hans starfsmanna. Hinar 6 ljósmyndir sýna því nákvæmlega það sama um girðingar eins og var í maí 1973“.

Forsaga máls þess, sem hér er til úrlausnar, er sú, að hinn 23. desember 1970 höfðaði stefnandi máls þessa mál á hendur Barnavinafélaginu Sumargjöf í Reykjavík og hafði uppi dómkröfur „til staðfestingar á eignarrétti sínum á ½ hluta í eigninni Steinahlíð við Suðurlandsbraut (Kleppsmýrarblettur XVI, erfðafestuland)“.

Stefndi í málinu, Barnavinafélagið Sumargjöf, krafðist algerrar

sýknu af dómkröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans.

Dómari í málinu var Emil Ágústsson borgardómari, stefndi í máli þessu. Kvað hann upp dóm hinn 4. júní 1974.

Í dóminum segir svo, eftir að málshöfðun og kröfugerð hefur verið lýst:

„Málsatvik eru þau, að með gjafabréfi, dags. 11. apríl 1949, gáfu einkaerfingjar í dánarbúi Halldórs Eiríkssonar stórkaupmanns, þau Inge Johnson, Elsa E. Guðjónsson og stefnandi, Carl J. Eiríksson, í minningu foreldra sinna og eftir ósk föður þeirra stefnda í máli þessu eign þeirra Steinahlíð við Suðurlandsbraut. Þau skilyrði voru sett fyrir gjöfinni í bréfinu:

„1. að Barnavinafélagið Sumargjöf skuldbindi sig til að eignin sé starfrækt eingöngu sem barnaheimili, þar sem sérstök áherzla sé lögð á að kenna börnunum trjárækt og matjurtarækt.

2. að félagið tryggi samþykki bæjarstjórnar fyrir því, að land það, sem fylgir eigninni, sé ekki skert og að ekki verði lagðir vegir um það né lóðum úthlutað af því, eftir að breyting hefur verið gerð á því nú með því að skera sneið af norðausturhorni þess, en leggja aðra sneið að vestan og norðan til landsins í staðinn. Landið verði umgirt þannig og lagað innan árs.

3. að félagið sjái um, að hlíft sé eftir því sem unnt er af gróðri þeim, sem nú er á lóðinni.

4. að eignin haldi núverandi nafni sínu STEINAHLÍÐ“.

Gjafabréfið undirrita Lárus Jóhannesson f. h. Inge Johnson, Elsa E. Guðjónsson og stefnandinn, Carl J. Eiríksson, en undir hans nafnritun undirritar Lárus Jóhannesson samþykki sem fjáráðamaður að áskildu samþykki Stjórnarráðs. Á gjafabréfið er áritað samþykki Barnavinafélagsins Sumargjafar um að taka við gjöfinni með framanrituðum skilmálum, og er það undirritað sama dag. Þá er og á gjafabréfinu svofelld áritun: „Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur 7. apríl var gerð svofelld samþykkt:

„Bæjarstjórnin samþykkir að gefa Barnavinafélaginu Sumargjöf fyrirheit um að starfrækja megi um ókomin ár barnaheimili á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XVI (Steinahlíð), þar sem skilyrði geti verið til að kenna börnunum trjárækt og matjurtarækt.

Heitir bæjarstjórnin því að skerða ekki landið meira en leiðir af breikkun Suðurlandsbrautar (lagningu Gnoðarvogs) og lagningu fyrirhugaðs Elliðaársvogs um austurhluta landsins.

Í stað lóða-skáka, sem þannig verða sneiddar af landinu, mun

bæjarstjórnin gefa félaginu kost á viðbótarlandi norðvestan við Steinhlíðarlandið, ca. 1.4 ha að flatarmáli“.

Áritunin er undirrituð f. h. borgarstjórans í Reykjavík 27. maí 1949.

Gjafabréfinu er þannig þinglýst þann 31. maí 1949.

Telur stefnandi, að hið stefnda félag hafi svo verulega vanrækt að uppfylla skilyrði gjafarinnar samkvæmt gjafabréfinu, að forsendur fyrir gjöfinni séu brostnar. Að því er sig varðar, eigi gjöfin því að ganga til baka, þ. e. hans hluti, eða $\frac{1}{3}$ samkvæmt framsögðu.

Til frekari skýringar málssókninni verða nú raktir vitnaframburðir, að svo miklu leyti sem máli skiptir, og skjöl rakín með sama hætti, sem fram hafa verið lögð í málinu.

Vitnið Lárus Jóhannesson, fyrrverandi hæstaréttardómari, skýrði svo frá fyrir dómi, að eftir að hann fékk vitneskju um hér umrædd málaferli, eða nokkru áður, hafi hann farið að leita í gögnum sínum varðandi stefnanda til þess að leita upplýsinga um, hvort samþykki Stjórnarráðs lægi fyrir varðandi gjöfina. Kvaðst vitnið við þá leit ekki hafa fundið neitt það varðandi, hvorki bréf frá sér til Stjórnarráðsins né heldur bréf frá Stjórnarráðinu. Taldi vitnið mestar líkur vera til þess, að hann hafi aldrei skrifað Stjórnarráðinu beiðni um staðfestingu. Tók vitnið fram, er hann fór að hugsa mál þetta betur, að hann telji vel hafa kunn að að vera, að Sumargjöf hafi átt að sjá sjálf um að fá samþykki Stjórnarráðsins, þannig að það hafi ekki verið starf sitt að afla samþykkisins. Vitnið kveðst telja sig muna það rétt, að hann hafi eitthvað verið búinn að ræða við Stjórnarráðið, og þá líklegast við Gústav A. Jónasson, þáverandi ráðuneytisstjóra, um þessi atriði, áður en gengið var frá gjafabréfinu, en þar sem svo langt sé um liðið, þá kvaðst vitnið ekki vilja neitt um þetta fullyrða. Vitnið kvaðst hafa litið svo á, er hann gekk frá gjafabréfinu, að með gjöfinni væri verið að uppfylla óskir foreldra gefenda, þeirra Halldórs Eiríkssonar og Elly Schepler Eiríksson.

Í málinu liggur fyrir vottorð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 15. desember 1970, svar við fyrirspurn stefnanda um það, hvort samþykkis ráðuneytisins hefði verið aflað, er eignin Steinhlíð við Suðurlandsbraut á sínum tíma var gefin Barnavínafélaginu Sumargjöf, er tekið fram, að athugun á skjölum ráðuneytisins frá því tímabili, sem hér um ræðir, hafi ekki leitt í ljós, að samþykkis ráðuneytisins hafi verið aflað.

Vitnið Ida Ingólfssdóttir kvaðst hafa byrjað sem forstöðukona

barnaheimilisins í Steinahlíð haustið 1949 og verið stanslaust síðan. Hún kvað í upphafi hafa verið byrjað með börn frá aldrinum eins og hálfis árs til sex ára og hafi þau dvalið á heimilinu allan daginn frá klukkan 0730 til 1800, en nú sé opið til klukkan 1830. Sú breyting hafi á orðið síðustu þrjú til fjögur árin, að yngstu börnin séu þriggja ára. Spurningu stefnanda um það, hvort sérstök áhersla hafi verið lögð á að kenna börnunum trjárækt og matjurtarækt, á meðan þau störfuðu í Steinahlíð, svaraði vitnið: „Það fer eftir því, hvað kallað er að kenna. Við erum ekki með sérstök námskeið fyrir börnin, en ef þau fylgjast með því, sem er að gerast, læra þau af því. Ég mundi segja, að börnunum væri kennd matjurtarækt. Það er unglingavinna hér á sumrin, frá því í júní fyrir börn á aldrinum 13 til 14 ára. Börnin hreinsa lóðina, stinga upp garðana og setja niður kartöflur og grænmeti. Þessi unglingavinna er á vegum borgarinnar, þ. e. undir leiðsögn sérstaks kennara. Börnin setja niður sumarblóm, og farið er með börnin út í náttúruna til að tína blóm, sem sett eru niður við húsið hérna, það er í hraunbrekku. Dvalarbörnin fylgjast með þessari unglingavinnu og taka þátt í starfinu“. Ida kvaðst ekki vita betur en að slíkt hafi farið fram á hverju ári og sé það „Vinnuskólinn“, sem auglýsi námskeiðin. Spurningu stefnanda um það, hvað gert hafi verið við öll blómin og trén, sem árið 1949 hafi verið á svæðinu milli íbúðarhússins og bílskúrsins, þar sem nú sé bílastæði, svaraði vitnið á þá leið, að hún hafi ekki komið til starfa í Steinahlíð, fyrr en búíð hafi verið að byggja viðbyggingu, og þá hafi beðið ugglaut verið í veginum og trén verið flutt og sett annars staðar á lóðina. Frekar kvaðst hún ekki geta sagt um gróður á svæði þessu. Ida kvaðst telja, að það hafi ekki verið neinar plöntur utan við gömlu girðinguna um landið, en eitthvað af plöntum séu utan girðingarinnar, síðan nýja girðingin hafi verið sett upp veturinn 1972—73. Um það, hvað verði um þann gróður, sem þannig lenti utan hinnar nýju girðingar, kvað hún verða að telja mjög óljóst, þar sem girðingin sé svo ný til komin. Hún kvaðst ekki vita til þess, að neinum plöntum hafi verið hent. Það sé búíð að planta hundruðum eða þúsundum nýrra plantna í landinu, síðan hún hafi komið, en hins vegar hafi auðvitað gömlum og ónýtum plöntum verið hent. Spurningu stefnanda um það, hvort girðing um land Steinahlíðar hafi ekki legið á hliðinni á margra metra löngum og mörgum köflum á árunum 1970—1972, t. d. sunnan og suðvestan megin um landið, og að enn fremur hafi girðingu alveg vantað á margra metra köflum (t.

d. rétt vestan við innkeyrsluhliðið) á þessum sömu árum og að innkeysrühliðið hafi verið ónýtt eða alveg vantað og stöplarnir skakkir, svaraði vitnið á þá leið, að girðingin hafi víða verið mjög léleg og beðið hafi verið eftir girðingu, sem Reykjavíkurborg átti að setja upp. Girðingin hafi hallað sunnan og suðvestan megin. Vestanverðu við hliðið hafi girðingin verið tekin niður vegna þess, að hennar hafi ekki verið þörf vegna girðingar við Gnoðarvog. Einn veturinn hafi mjólkurbifreið ekið á annan hliðarstólpann, en gert hafi verið við hann um vorið. Hliðið hafi því ekki verið í á þessum tíma, og enn fremur sagði hún, að hliðið væri ýmist opið eða lokað. Ida Ingólfssdóttir kvaðst ekki minnast þess, að frú Elsa Guðjónsson, systir stefnanda, hafi við sig rætt um það, að skilmálarnir í gjafabréfinu hafi ekki verið haldnir. Heldur ekki kvað hún sér kunnugt um það, að innan félags stefnda eða innan Steinhliðar, t. d. meðal starfsfólks eða ráðamanna félags stefnda, hafi verið um það rætt, að skilmálar gjafabréfsins hafi ekki verið haldnir.

Vitnið Ragnar Júlíusson skólastjóri skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið forstöðumaður vinnuskóla Reykjavíkur síðastliðin 10 ár, en 5 ár þar á undan yfirverkstjóri. Spurningu stefnanda um það, hvort nokkur ákvæði séu eða hafi verið um það í kennsluáætlun eða starfsreglum kennara vinnuskólans varðandi barnaheimilið Steinhlið, að kennarinn eða kennararnir, sem störfuðu þar, skyldu kenna dvalarbörnunum trjárækt og matjurtarækt og leggja á það sérstaka áherslu, svaraði vitnið, að það gildi að sjálfsögðu sömu reglur um alla flokkstjóra vinnuskólans, hvar sem þeir starfa, og að sjálfsögðu engar sérreglur fyrir Steinhlið. Hins vegar sé aðstaðan þar ólík mörgum öðrum vinnustöðum, þar sem það sé barnaheimili og börn að leik innan um vinnandi unglinga, sem komast þá ekki hjá því að taka eftir þeirra störfum. Bætti vitnið því við, að dvalarbörnunum í Steinhlið sé ekki sérstaklega kennd trjárækt og matjurtarækt á vegum vinnuskólans, þó þau fylgist með starfsemi skólans, eins og áður getur. Vitnið kvað sér ekki vera kunnugt um það, að sérstök fyrirmæli hafi verið gefin til vinnuskólans að þessu leyti varðandi dvalarbörnin, enda hafi hann ekki verið starfandi við skólann frá upphafi hans. Spurningu stefnanda: „Við hvað áttuð þér, nákvæmlega, þegar þér sögðuð við mig í síma fyrir nokkrum dögum síðan, að þér ætluðuð ekki að hjálpa mér til að ná aftur Steinhlið? Áttu þér við, að framburður yðar fyrir bæjarþinginu kynni að mótast af þessari afstöðu yðar til mín?“, svaraði vitnið á

þessa leið: „Að sjálfsögðu læt ég þessi orð, séu þau rétt eftir höfð, ekki hafa áhrif á framburð minn, en þau eru, eins og Carl veit, ekki sögð að ástæðulausu. Skýringin er sú, að skömmu eftir að ég var kosinn varaformaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur af borgarstjórn Reykjavíkur sumarið 1970, sá Carl Eiríksson ástæðu til að hringja til mín oft en einu sinni og hafa í hótunum við mig, ef ég ekki greiddi atkvæði í nefndinni eins og honum best líkaði, en færi ekki eftir skynsemi minni“. Spurningu stefnanda um, hvers konar hótanir hann ætti við af sinni hálfu, svaraði vitnið: „Ég sé ekki ástæðu til þess að blanda þessu tvennu saman“ og tók fram, að barnaverndarnefnd sé bundin þagnarskyldu. Vitnið Ragnar Júlíusson vann eið að framangreindum framburði sínum.

Í bréfi borgarverkfræðings í Reykjavík til félags stefnda, dagsett 1. febrúar 1967 og undirritað er af Ellert B. Schram, segir svo:

„Hér með tilkynnist yður, að vegna lagningar Elliðavogar, sem ætlunin er að tengja við Suðurlandsbraut á næstunni, er nauðsynlegt að skerða land það, er þér hafið til umráða.

Samkvæmt ákvörðun borgarráðs er þessi skerðing heimil, en í stað þess landskika, sem taka verður vegna götulangningarinnar, skal koma jafnstórt svæði vestan megin lóðarinnar, Kleppsmýrabletts 16, sem Steinahlíð stendur á.

Lausleg mæling sýnir, að taka verður 10.000 m² v/vegarins og sýnist mögulegt að bæta þann skika með því svæði, sem liggur með lóð yðar að vestanverðu.

Starfsmenn okkar munu sjá um að girða landið af í samræmi við enduruppmælingu lóðarinnar“.

Í bréfi til hins stefnda félags, dags. 21. desember 1970 og að því er virðist skrifað af Ellert B. Schram, þó það sé óundirritað, segir svo:

„Bréf yðar, dags. 28. 2. '70, hefur verið mótttekið, og hefur mælingadeild unnið að mælingum á þessu ári, bæði á þeim hluta, sem tekinn var af landinu í Steinahlíð, vegna lagningar Elliðavogar, og eins á framtíðarlóðarmörkum.

Samkvæmt þeim mælingum var landið skert um 1.21 ha, en skv. hjálögðu mæliblaði hefur verið bætt við það 1.32 ha, þar af 1.05 ha vestan megin lóðarinnar, sbr. bréf undirritaðs, dags. 1. febr. '67.

Með hliðsjón af samþykkt bæjarstjórnar 7. apríl 1949, um að gefa félagi yðar kost á viðbótarlandi norðvestan við Steinahlíðar-

landið, ca. 1.4 ha að flatarmáli, í stað þess lóðarskika, sem sneiddur er af landinu vegna gatnaframkvæmda — vantar því enn ca. 800 m² til að fullnægja nefndri samþykkt.

Ekki er hægt að bæta þeim skika við vestan eða norðan megin núverandi lands utan það, sem mæling sýnir nú, og er það tillaga mín, að gengið verði frá lóðarmörkum og mæliblaði skv. hinna nýju mælingu, með þeim fyrirvara, að 800 m² sé bætt við landið, þegar endanlega hefur verið gengið frá gatnamótum Elliðavogs og Miklubrautar og/eða hugsanlegri viðbótarlóð yður til handa sunnan megin.

Girðingarframkvæmdir munu væntanlega hefjast strax og mögulegt verður næsta vor, enda hafi þá lóðarmörk verið ákveðin og samþykkt af yður“.

Þá hefur og verið lagt fram bréf borgarverkfræðings í Reykjavík til borgarráðs Reykjavíkur, dags. 4. janúar 1971 og undirritað af Ellert B. Schram, á þessa leið:

„Á fundi borgarráðs 29. desember s.l. var vísað til minnar umsagnar erindi Carls J. Eiríkssonar, dags. 21. f. m., varðandi upplýsingar um land Steinhliðar við Suðurlandsbraut.

Í fyrsta lagi er spurst fyrir um „hvenær samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur hafi verið veitt fyrir því, að land það, sem fylgdi eigninni, yrði ekki skert og að ekki yrðu lagðir vegir um það né lóðum úthlutað af því, eftir að breyting hefði verið gerð á landinu þá (1949) með því að skera sneið „af norðausturhorni þess“, en leggja aðra sneið að vestan og norðan til landsins í staðinn“.

Ekki er hægt að sjá, að bæjarstjórn hafi gert samþykkt um að skerða ekki frekar landið.

Í öðru lagi óskast einnig upplýst, „hvar viðbótarland það er staðsett, ca. 1.4 ha að flatarmáli, sem bæjarstjórn Reykjavíkur lofaði að gefa Varnavinafélag. Sumargjöf kost á, norðvestan við Steinhliðarlandið með samþykki í bæjarstjórn þann 7. apríl 1949“.

Þessari fyrirspurn er svarað með því að leggja fram bréf undirritaðs til Sumargjafar, dags. 21. desember 1970“.

Í bréfi sama aðilja, dags. 21. janúar 1971 (dskj. nr. 14), vegna fyrirspurnar stefnanda þar um, segir svo í niðurlagi, að „borgaryfirvöld hafa ekki gert neina samþykkt um, að landið skyldi ekki skert á hvorugan veginn“.

Í bréfi frá skrifstofu Reykjavíkurborgar til stefnanda málsins, dags. 9. febrúar 1971, segir svo:

„Með bréfi, dagsettu 8. febrúar s.l., er spurt, hvort Barnavina-

félagið „Sumargjöf“ hafi sótt um leyfi borgaryfirvalda eða skrifstofu minnar til að umgírða land Steinhliðar á árunum 1949—1950, eða síðar. Skrifleg umsókn til byggingarnefndar um girðingu kringum land Steinhliðar hefur ekki borist til byggingarnefndar, en lengi hefur staðið til að breyta lóðinni í sambandi við nýjar götur, og munu borgaryfirvöld sjá um girðingu um landið í því sambandi, samanber hjálögð ljósrit af bréfum Ellerts B. Schram, skrifstofustjóra borgarverkfræðings, til Barnavinafélagsins Sumargjafar, dagsettum 1. febrúar 1967 og 21. desember 1970“.

Í bréfi Páls Líndals borgarlögmans til lögmans stefnda, dags. 28. febrúar 1972 (dskj. nr. 12), segir m. a., að á fundi borgarráðs 24. þess sama mánaðar hafi verið rætt bréf lögmansins til sín, dags. 9. febrúar 1972, varðandi málssókn stefnanda á hendur stefnda til riftunar á gjafabréfi fyrir eigninni Steinhlið. Með bréfi þessu er sent samrit af umsögn borgarlögmansins um bréf stefnanda, dags. 12. febrúar 1972, en í bréfinu segir borgarlögmaður, að borgarráð hafi fallist á þá umsögn á framangreindum fundi. Þessi umsögn borgarlögmansins fylgir bréfi hans, en hún hljóðar svo:

„Með bréfi, dags. 21. þ. m., hefur háttv. borgarráð óskað um-sagnar minnar um erindi Carls J. Eiríkssonar, dags. 12. þ. m. Bréfritari á sem kunnugt er í máli við Barnavinafélagið Sumargjöf, og er það skv. bréfi hans „til staðfestingar á eignarrétti mínum á $\frac{1}{3}$ hluta í eigninni Steinhlið við Suðurlandsbraut (Kleppsmýrarblettur XVI, erfðafestuland), vegna brota á gjafaskilmálum, sem settir voru, er Steinhlið var gefin, og vegna þess, að gjöf fasteignar var bönnuð með lögum vegna lögræðis-skorts (ég var ófjárráða)“.

Í bréfinu er spurst fyrir um það, hvort borgarstjórn mundi samþykkja fyrir sitt leyti, að erfðafesturétturinn að Kleppsmýrarbletti 16 yrði skráður að $\frac{1}{3}$ hluta á hans nafn, ef svo færi, að dómur félli honum í vil.

Ég leyfi mér að leggja til, að bréfritara verði svarað á þá leið, að borgarstjórn mundi ekki samþykkja umrædda skráningu, ef dómur gengi honum í vil, heldur yrði landið þegar í stað tekið úr erfðafestu samkvæmt ákvæðum erfðafestubréfsins, dags. 28. maí 1928“.

Lagður hefur verið fram í málinu uppdráttur af Steinhliðarlandi, sem stefnandi gerði sjálfur í september 1970 og sýnir legu girðingar umhverfis það þá (dskj. nr. 5). Samkvæmt uppdrættinum hefur verið tekin sneið af norðausturhorni landsins og enn

fremur norðurhorni, sem nær 22.5 m af norðvesturlóðarmörkum, en samtals nemur þessi afsneiðing 1.21 ha. Uppdrátturinn sýnir viðbót við landið, ferhyrnda spildu út frá vesturmörkum lóðarinnar, sem nemur 0.36 ha.

Í bréfi borgarverkfræðingsins í Reykjavík, dags. 11. febrúar 1971, en með því fylgir framangreindur uppdráttur, segir svo: „Það staðfestist hér með samkvæmt beiðni, að lega girðingar austanvert að Kleppsmýrarbletti 16, Reykjavík (Steinahlíð), sem sýnd er á viðfestu ljósriti af uppdrætti merktum „Steinahlíðarland í september 1970“, er í megin atriðum rétt, þannig að skekkja á málunum 101 m, 182 m, 35 m og 22.5 m fer hvergi fram úr 0.8 m, samkvæmt mælingum, sem gerðar voru af starfsmönnum mælingardeildarinnar á nefndri girðingu haustið 1970. Um önnur atriði uppdráttarins er mælingadeildinni ókunnugt“.

Þá liggur og fyrir í málinu bréf garðyrkjustjóra Reykjavíkur, dags. 22. janúar 1974, en þar segir, að vinna við girðingu í Steinahlíð við Suðurlandsbraut hafi hafist 15. október 1972 og staðið þá samfleytt yfir til 7. apríl 1973, en þá hafi verið tafist vegna efnisskorts til 7. október um haustið, en verkinu hafi verið lokið fyrir áramót 1973. •

Að lokum liggur fyrir uppdráttur af landinu, gerður af mælingadeild borgarverkfræðings í júlí 1972 (dskj. nr. 30). Á þeim uppdrætti er sagt, að:

„Landið talið	3.9 ha
Landið reynist hafa verið	40085 m ²
Tekið af landinu skv. sp. bæjarstjórnar 7. 4. 1949 . .	12102 m ²
Bætt við landið að norðvestan og meðfram Suðurlandsbraut	+ 12983
Landið verður	40966 m ² “.

Uppdrátturinn sýnir síðan legu hinnar nýju girðingar umhverfis landið. Samkvæmt því hefur skásneiðin á austanverðu landinu verið færð austur fyrir norðurhornið, þannig að það horn er innan girðingarinnar. Bætt hefur verið við landið meðfram allri vesturhlið þess, svo sem fram með Suðurlandsbraut. Var uppdráttur þessi í samræmi við síðustu vettvangsskoðun.

Öllum framanröktum bréfum hefur ekki verið mótmælt.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að öll hin þinglýstu skilyrði gjafabréfsins frá 11. apríl 1949 fyrir gjöfinni hafi

ekki verið haldin. Hefur hann bent á það í fyrsta lagi, að gjafagerningurinn hafi verið ólöglegur, að því er hans eignarhluta varðaði, samkvæmt ákvæðum 37. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, síðari mgr. aðallega. Hann hafi verið á 20. aldursári, er hann undirritaði gjafagerninginn, og því ófjárráða. Samþykki Stjórnarráðs hafi ekki fengist, svo sem fjárhaldsmaður hans hafi áskilið við undirskrift sína á gjafagerninginn, en jafnvel þótt samþykki Stjórnarráðs hefði fengist, hefði það samþykki verið ólöglegt samkvæmt framanrituðu lagaákvæði. Auk þessa þá hafi stefndi svo verulega brotið öll skilyrði gjafabréfsins. Að því er varðar 1. skilyrði, þá sé upplýst í málinu, að dvalarbörnunum á barnaheimilinu hafi ekki verið kennd trjárækt og matjurtarækt, svo sem þar er áskilið. Skiptir í því sambandi engu, þótt unglingar hafi unnið að slíkum störfum á vegum Reykjavíkurborgar, þar sem í því starfi felist engin kennsla til dvalarbarnanna. Að því er 2. skilyrði gjafabréfsins varðar, þá hafi skerðing á landinu orðið með öðrum hætti en skilyrðið setur. Aðeins hafi verið heimilt að skerða sneið af norðausturhorni landsins. Hins vegar hafi, er málshöfðunin hófst, bæði austurhornin verið tekin af landinu. Sú skerðing hafi samtals numið 1.21 ha, en þrátt fyrir ákvæði í skilyrðinu um að leggja aðra sneið að vestan og norðan til landsins í staðinn hafi á sama tíma eingöngu verið lagt til 0.36 ha. Skipti hér engu um, þótt nú, meðan á málinu stóð, hafi öðru horninu verið skilað aftur til landsins. Samkvæmt skilyrðinu skyldi allt landið, eftir að hin heimilaða skerðing hafði verið gerð og nýju landi við bætt í staðinn, verða umgirt og lagað innan eins árs. Þetta skilyrði hafi algerlega verið vanrækt af hálfu stefnda. Upprunalegu girðingunni hafi verið illa við haldið, og á köflum svo, að hún hafi á mörgum stöðum legið niðri um lengri tíma. Varði engu, þótt nú sé komin ný girðing umhverfis landið. Þá hafi stefndi og brotið ákvæði 3. skilyrðisins um það, að stefndi hlynnti að gróðri þeim, sem á lóðinni var við útgáfu gjafabréfsins, eftir því sem unnt væri. Bendir stefnandi á það, að blómabeð, sem hafi verið vestan við íbúðarhúsið, hafi verið upprætt, en bílastæði gert í staðinn. Enn fremur að tré hafi verið skilin eftir utan landsins við skerðingu þess. Af öllu þessu sé því ljóst, að öll skilyrði gjafabréfsins hafi verið brotin og það með vitund stefnda. Komi því eigi til álita, að stefndi geti öðlast eignarrétt á landinu fyrir hefð samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 46 frá 1905. Um tómlæti af sinni hálfu hafi alls ekki verið um að ræða. Hann hafi eitt sinn verið samþykkur gjöfinni, á meðan hann hafi haldið,

að stefndi vildi halda skilyrðin, og hafi það þá verið af góðvild af sinni hálfu til stefnda. Hann kvaðst hafa kvartað yfir brotum á skilyrðunum, bæði við formann og framkvæmdastjóra stefnda og við forstöðukonu barnaheimilisins, um sumarið 1970 og aftur um það haust, en síðan hafi hann höfðað mál þetta í desember það sama ár.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann telji sig hafa, eftir því sem föng hafi verið á og hægt hafi verið með sanngirni að krefjast, séð til þess yfir 20 ára skeið, að virtar hafi verið óskir fyrrverandi eigenda eignarinnar, svo sem þær hafi verið upptaldar í gjafabréfinu. Í fyrsta lagi hafi stefndi séð til þess, að eignin hafi eingöngu verið starfrækt sem barnaheimili og í því skyni hafi sérstaklega verið hlúð að húseigninni með viðauka og breytingum, gerðum þegar á árinu 1949. Allir megi vita, að 3ja—6 ára börn geti lítið aðhafst við trjárækt og matjurtarækt á svo miklu gróðursvæði. Þau störf hafi verið unnin af unglingum á sumrum undir leiðsögn og með því starfi hafi dvalarbörnin fylgst. Í annan stað hefur lóðin ekki verið skert umfram það, sem allra brýnasta tilfæring vegna skipulagsbreytinga hefur krafist, og þá annað land verið látið í té endurgjaldslaust í staðinn. Það verði ekki annað séð en að gróður sá, sem á lóðinni er, sé þroskavænlegur og að hann hafi hlotið eðlilega aðhlynningu þá 2 áratugi, sem liðnir séu frá því, að stefndi fékk umráð landsins. Þannig hafi árin liðið og nú sé viðurkennt af hálfu stefnanda, að honum hafi verið ljóst og hann hafi lítið svo á sem ýmsum skilyrðum hafi þegar frá upphafi verið illa fram fylgt að hálfu stefnda. Þó hafi hann ekki séð ástæðu til athafna né heldur tilkynnt stefnda hugsanlega riftun, ef eigi yrði úr tilteknum ágöllum bætt, fyrr en liðin voru meira en 20 ár frá því að bréfið var afhent. Slík aðvörun eða tilkynning hlaut að vera forsenda þess, að riftunarmál væri hafið. Einnig bendir stefndi á, að þau frávik, sem orðið hafa frá skilyrðum gjafarinnar, þá hafi þau verið svo óveruleg allan tímann, að engan veginn gæti sætt riftun. Eftir að stefnandi öðlaðist lögræði, rúmu hálfu öðru ári eftir undirskrift gjafabréfsins, bar honum að gera ráðstafanir þegar í stað til riftunar vegna samþykkisskorts síns, ef hann hafi viljað bera það fyrir sig. Það sé með öllu fráleitt að bera fyrir sig vanhæfisskort til samþykkis eftir meira en 20 ára tímabil. Mótmælir stefndi því, að Stjórnarráðið hefði sett sig upp á móti því að verða við ósk gefenda og bendir á, að samþykki ráðuneytisins geti hafa verið fyrir hendi, þótt það hefði eigi fundist í desember 1970.

Auk þessa alls þá hafi stefndi unnið fullan hefðarrétt á eignarhlutanum.

Í Steinhlið hefur verið starfrækt dagvistunarheimili fyrir börn frá því árið 1949 og er enn.

Dómarinn hefur kannað vettvang, fyrst í maí 1973 og síðan aftur eftir dómtöku málsins.

Þótt eigi liggi fyrir um það fullkomin sönnun, þá bendir allt til þess, að samþykkis Stjórnarráðs hafi aldrei verið leitað til gjafarinnar, að því er stefnanda varðaði, svo sem áskilið var í gjafabréfinu og lög mæltu fyrir um.

Eins og fram kemur hér að framan, eru dvalarbörn á heimilinu að Steinhlið á aldrinum 3ja til 6 ára. Verður naumast til þess ætlast, að svo ung börn geti unnið að matjurta- eða trjárækt. Hins vegar er ljóst, að unglingar starfa að þeim störfum á sumrum á vegum Reykjavíkurborgar undir leiðsögn. Af fyrri vettvangsskoðun dómarans má ætla, að dvalarbörnin fylgist að einhverju leyti með þeim störfum, þar sem mörg þeirra voru þá að leik á landsvæðinu, þótt þeim sé eigi sérstaklega kennd sú starfsemi, enda vart að slíkt bæri árangur hjá svo ungum börnum. Af vettvangsskoðunum varð eigi annað séð en að öll ræktun á landinu sé blómleg.

Ljóst er, að á árunum fyrir og um 1967 hafði landið verið skert um 1.21 hektara á þann veg, að tekin hafði verið sneið af norðausturhorni og enn fremur norðurhorni, en í staðinn hafði verið bætt við landið 0.36 hekturum við vesturhlið þess. Var upprunaleg girðing umhverfis landið notuð til afmörkunar, nema ef vera má, að ný girðing hafi verið umhverfis umrædda 0.36 hektara. Af fyrri vettvangsskoðun varð séð, að girðingin var víða léleg. Á hinn bóginn aftur á móti er ljóst, að á tímabilinu október 1972 til áramóta 1973 hefur allt landið verið girt nýrri girðingu og við það bætt að norðvestan og meðfram Suðurlandsbraut rúmum 1.29 hekturum, sbr. dómsskjal nr. 30, þannig að landið hefur fengið sína upprunalegu stærð. Þess ber þó að geta, að við þá framkvæmd var norðurhorn landsins aftur sett innan girðingar. Í þessu sambandi má geta þess, að við skerðingu landsins fyrir og um 1967 urðu mörg tré utan girðingar og eru enn. Einnig er ljóst, að blómabeð norðan við húsið og við hlað þess hefur verið numið brott og bílastæði gert í staðinn. Þykir hið síðastnefnda ekki óeðlileg breyting miðað við breyttar aðstæður.

Af þessu framansögðu er ljóst, að brestur hefur verið á því af hálfu stefnda að fullnægja skilyrðum gjafabréfsins. Af þeim

sökum getur stefndi eigi öðlast eignarrétt að eigninni fyrir hefð, þótt skilyrði kynnu ella að vera til slíks, að því er tímalengd varðar.

Stefnandi er fæddur 29. desember 1929 og varð því fjárráða sama dag árið 1950, eða rúmu hálfu öðru ári frá dagsetningu gjafabréfsins. Stefna í málinu var birt 23. desember 1970, eða tæpum 20 árum eftir að stefnandi varð fjárráða og rúmu tuttugu og einu og hálfu ári eftir útgáfu gjafabréfsins. Þótt ljóst sé samkvæmt framansögðu, að stefndi fullnægði ekki skilyrðum gjafabréfsins í mörgum atriðum, og þá sérstaklega að eigi liggur fyrir sannanlegt samþykki Stjórnarráðs fyrir gjöfinni, þá þykir hið langa aðgerðarleysi stefnanda og hinn langi tími að öðru leyti, sem liðinn er, eiga að leiða til þess, að hann fái ekki komið fram kröfum sínum í málinu. Ber því að dæma stefnda sýknu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en vegna óviðráðanlegra ástæðna og þess, að málið er nokkuð óaðgengilegt, hefur uppsaga dregist fram yfir venju.

Dómsorð:

Stefndi, Barnavinafélagið Sumargjöf, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Carls J. Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Emil Ágústsson“.

Stefnandi vildi ekki una þessum dómi og hóf nú tvíþættar aðgerðir. Í fyrsta lagi áfrýjaði hann málinu í heild til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, birtri 3. september 1974. Dómur Hæstaréttar liggur ekki enn fyrir. Í öðru lagi hófst hann handa um að fá forsendum héraðsdómsins breytt án þess þó að krefjast breytinga á dómsorði, þ. e. niðurstöðu dómsins. Af því tilefni ritaði stefnandi hinn 28. september 1974 borgardómi Reykjavíkur bréf, og hljóðar fyrri hluti þess svo:

„Með tilvísun til 195. gr. laga nr. 85/1936 geri ég undirritaður aðili að málinu nr. 2/1971: Carl J. Eiríksson gegn Barnavinafélaginu Sumargjöf, hér með kröfu til þess, að í dómi máls þessa, uppkveðnum 4. júní s.l. hjá embætti yðar, verði gerðar leiðréttingar á nokkrum ritvillum og bersýnilegum skekkjum, sem í dómnum eru. Kröfu þessa hef ég sett fram munnlega við dómarsann skömmu eftir uppkvaðningu dómsins og fengið vilyrði fyrir

nokkrum leiðréttingum, en nýlega var mér synjað um þær, og ber ég kröfu þessa fram nú skriflega samkvæmt umtali við Björn Ingvarsson og Garðar Gíslason hjá embætti yðar í gær. Í 195. gr. laga nr. 85/1936 er gert ráð fyrir „leiðréttingum“, „eftir kröfu aðilja“, m. a. á „ritvillum“ og á „bersýnilegum skekkjum í dómi“, eins og segir í 195. gr. Þar segir ennfremur: „eftirrit . . .“ „af dómi . . .“ „skal afhenda . . .“ „til leiðréttingar . . .“ o. s. frv. Það er því rangt, sem haldið hefur verið fram, að ekki sé unnt að leiðrétta skekkjur í dómum. Segir í 195. gr., að kveðja skuli aðilja eða lögmenn þeirra fyrir dóminn til að leiðrétta skekkjurnar, nema ef um bersýnilegar ritvillur sé að ræða. Þannig gerir 195. gr. augljóslega ráð fyrir því, að leiðrétta beri, í dómi, alvarlegri villur en „bersýnilegar ritvillur“. Í 196. gr. sömu laga kemur vel fram, hversu alvarlegur hlutur það er að synja um leiðréttingar á villum, sem í dómum eru“.

Bréf þetta er lagt fram sem dskj. nr. 3 í máli þessu, og er síðari hluti þess tekinn upp hér að framan, í þeim hluta forsendna dóms þessa, þar sem lýst er kröfugerð stefnanda.

Dómarinn, Emil Ágústsson borgardómari, svaraði stefnda með þremur bréfum. Hið fyrsta er dagsett 23. september 1974 og hljóðar svo::

„Að gefnu tilefni viðurkenni ég undirritaður dómari í málinu nr. 2/1971: Carl Eiríksson gegn Barnavinafélaginu Sumargjöf, að stefnandi mótmælti því aldrei, að 4. skilyrði gjafabréfsins, sem um ræðir í málinu, hafi verið brotið af hálfu stefnda“.

Annað bréfið er dagsett 1. október 1974 og er svohljóðandi:

„Undirritaður dómari málsins nr. 2/1971:

Carl J. Eiríksson

gegn

Barnavinafélaginu Sumargjöf

hefi kynnt mér bréf stefnanda, dags. 26. sept. 1974, til embættis borgardómarans í Reykjavík.

Ég tel, að atriði, sem þar koma fram, gefi að svo stöddu ekki tilefni til aðgerða af minni hálfu“.

Þriðja bréf dómarans er dagsett 4. október 1974. Í því segir:

„Með vísan til samtals okkar hr. Carl J. Eiríksson, eftir hinn 1. þ. m., fellst ég á, að leiðréttar verði þær augljósu ritvillur, sem orðið hafa í endurriti af dómi í máli yðar gegn Barnavinafélaginu Sumargjöf. Er þar um að ræða atriðin í tölul. 1, 3 og 10 í bréfi yðar 26. sept. sl.“

Varðandi liði 6 og 8 vil ég vísa til yfirlýsingar, sem ég hefi gefið yður um þau atriði, og tel rétt, að þér leggið hana fram við flutning málsins í Hæstarétti.

Sé um að ræða missagnir í dómi málsins í öðrum þeim tilvikum, sem getið er í bréfi yðar, tel ég þau þess eðlis, að mér sé óheimilt að breyta þeim, en um þau verður að sjálfsögðu fjallað við væntanlegan flutning málsins í Hæstarétti.

Vegna fjarveru minnar verða framangreindar leiðréttingar samkv. töluliðum 1, 3 og 10 framkvæmdar af embætti yfirborgardómarans í Reykjavík.

Óskast endurrit það af dóminum, sem þér hafið með höndum, afhent til leiðréttingar þessara atriða“.

Í 2. mgr. bréfs þessa mun dómariinn eiga við bréf sitt frá 23. september, sem rakið er hér að framan.

Þessum undirtektum dómarans vildi stefnandi ekki una. Skaut hann synjun dómarans um frekari breytingar á dóminum til Hæstaréttar. Greinargerð stefnanda með kærinni hljóðar svo:

„Ég undirritaður, Carl J. Eiríksson, leyfi mér hér með að ítreka kærú mína til Hæstaréttar Íslands, dagsetta 1. október s.l., sem afhent var Birni Ingvarssyni, yfirborgardómara, sama dag. Ég vísa í þessu sambandi til hæstaréttarlaga nr. 75/1973, aðallega 21. gr., 22. gr. og 23. gr.

Sérstök athygli skal vakin á eftirfarandi atriðum: Nokkru eftir uppkvaðningu dómsins þ. 4. júní s.l. fór ég þess munnlega á leit við Emil Ágústsson, borgardómara, að hann leiðrétti nokkrar villur og skekkjur, sem í dómnum eru. Hann tók því líklega, en þrátt fyrir margar ítrekanir af minni hálfu voru villurnar ekki leiðréttar. Er ég ítrekaði þetta enn við hann þ. 23. sept. s.l., kvaðst hann hafa ráðfært sig við samstarfsmenn sína í Borgardómi Reykjavíkur og kvaðst ekki vilja leiðrétta neitt í dómnum. Ég mótmælti því þá sérstaklega við hann, að 4. skilyrði gjafabréfsins hafi verið brotið af hálfu stefnda. Skilyrði nr. 4 var aldrei brotið, svo ég viti, enda hef ég aldrei haldið því fram. Þó segir ranglega, í dómnum, á tveim stöðum, að ég hafi haldið því fram, að öll skilyrðin hafi verið brotin af hálfu stefnda. Emil viðurkenndi, að þetta væru villur í dómnum, en taldi þær engu máli skipta. Einnig sagði hann mér að honum væri óheimilt að leiðrétta þær. Eftir nokkrar umræður féllst Emil þó á að leiðrétta þessar villur með yfirlýsingu, sem hann afhenti mér. Er hún dagsett 23. sept. og fylgir hjálagt. Er ég las yfirlýsinguna, sá ég mér til undrunar, að í henni stóð, að ég hefði aldrei mótmælt því, að

4. skilyrðið hefði verið brotið. En það var einmitt það sem ég var að mótmæla við Emil þ. 23. sept. Ég gerði mér nú ljóst, að Emil Ágústsson leggur aðra merkingu í íslenskt mál en aðrir gera, stundum öfuga merkingu, og hann notar stundum óljóst og tvírætt orðalag, án þess að hann geri sér grein fyrir því. Sjá liði nr. 4) og 5) í bréfi mínu til embættis Borgardómara, dags. 26. sept. s.l., en það fylgir kæru þessari. Ég hef rætt þessi atriði við Helga Halldórsson cand. mag., og er hann mér sammála í því, að umrætt orðalag í liðum 4) og 5) sé óljóst, og nokkrir sérfræðingar, sem Helgi hefur ráðfært sig við, eru á sama máli. Ég vísa að öðru leyti til framangreinds bréfs, dags. 26. sept., en vil enn ítreka það hér, að 195. gr. laga nr. 85/1936 gerir beinlínis ráð fyrir því, að leiðrétta beri í dómi bæði bersýnilegar ritvillur og einnig skekkjur, sem ekki eru bersýnilegar ritvillur. Aðeins í síðara tilvikinu er nauðsynlegt að kveðja aðila eða lögmenn þeirra fyrir dóminn til að leiðrétta skekkjurnar. Svo segir skýrt í 195. gr. Ég tel, að dómara beri siðferðileg skylda, ef ekki laga-leg skylda, til að leiðrétta slíkar skekkjur í dómi, enda eru sumar þeirra bein ósannindi, sjá liði nr. 6), 8) og 13). Það er því ekki rétt, sem Emil Ágústsson telur í bréfi sínu til mín, dags. 4. okt. s.l., í 3. mgr., að honum sé „óheimilt“ að breyta missögnum í dómi sínum. Eins og áður segir, er beinlínis gert ráð fyrir slíkum leiðréttingum í 195. gr. laga nr. 85/1936. Framangreint bréf Emils, ásamt synjun hans, dags. 1. okt. s.l., fylgja einnig kæru þessari.

Ég tel það vera blett á embætti Borgardóms Reykjavíkur að mál þetta skuli hafa dregið í þrjú og hálft ár fyrir dómnum, nærri eingöngu vegna tregðu dómsins á að þinga í málinu, vegna „ann-ríkis“ að sagt var. Þetta gaf stefnda tækifæri allan þennan tíma til að breiða yfir brot sín á skilyrðum gjafabréfsins og olli m. a. því, að í dómnum var málstaður stefnda fegraður með lýsingu á aðstæðum mörgum árum eftir málshöfðun. Sjá liði 15) og 17) í meðfylgjandi bréfi mínu, dags. 26. sept. s.l. Þannig hefur dráttur málsins að líkindum valdið því, að ég tapaði málinu í héraði, og byggji ég þessa ályktun á því, að Emil Ágústsson hefur tjáð mér, að mál þetta hafi staðið það tæpt, að það hefði getað farið á hvorn veginn sem var.

Ég tel, að margra ára dráttur máls fyrir dómi, sem nærri eingöngu er sök dómsins sjálfs, þar sem synjað er um fyrirtöku málsins samfleytt í meira en eitt ár og síðan aftur synjað mörgum sinnum í marga mánuði í senn, sé það mikil skerðing á réttaröryggi, að við svo búið megi ekki standa. Ekki bætir það úr skák,

þegar dómurinn sjálfur heldur fast við þær villur og skekkjur, sem hann hefur sett í dóm sinn vegna ónákvæmni eins dómara, sem e. t. v. hefur sérstöðu í starfi sínu.

Það skal tekið fram að lokum, að ég tel ekki nægilegt, að umræddar skekkjur í dómi Borgardóms verði látnar óleiðréttar nú, í trausti þess, að þær verði leiðréttar við áfrýjun málsins. Dæmi er þess, að slík skekkja sé einfaldlega ekki leiðrétt af Hæstarétti, þrátt fyrir það að bent hafi verið á skekkjuna í málflutningi og því ómótmælt af gagnaðilja, og skekkjan auk þess viðurkennd af gagnaðila fyrir dómara undirréttar í vitnamáli, áður en hæstaréttardómur féll. (Sjá hrm. nr. 135/1967). Skekkjurnar stæðu því e. t. v. áfram, um aldur og ævi, eins og skekkjan í áðurnefndu dæmi“.

Hæstiréttur kvað upp dóm í kærumálinu hinn 5. nóvember 1974, og eru dómforsendurnar svohljóðandi:

„Sóknaraðili hefur með kæru 1. október 1974, sem barst Hæstarétti 28. s. m., kært „þá ákvörðun Emils Ágústssonar borgardómara, dags. 1. október 1974, að synja um leiðréttingu á skekkjum og villum í dómi ... uppkveðnum 4. júní 1974“.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 4. júní 1974 kvað varnaraðili upp dóm í máli, er sóknaraðili höfðaði gegn Barnavinafélaginu Sumargjöf. Sóknaraðili áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1974, og málinu var gagnáfrýjað með stefnu 13. s. m. Hafa mál þessi verið sameinuð og rekin hér fyrir réttinum.

Með bréfi til embættis borgardómara 26. september 1974 krafðist sóknaraðili þess með skírskotun til 195. gr. laga nr. 85/1936, að leiðrétt yrðu alls 17 atriði í nefndum dómi. Var hér bæði um að ræða „ritvillur og ... skekkjur“, að því er í bréfinu segir.

Hinn 1. október 1974 ritaði varnaraðili bréf, þar sem hann kveðst hafa kynnt sér bréf sóknaraðilja frá 26. september 1974. Í bréfinu segir svo: „Ég tel, að atriði, sem þar koma fram, gefi að svo stöddu ekki tilefni til aðgerða af minni hálfu“. Með bréfi 4. október 1974 tilkynnti varnaraðili sóknaraðilja, að hann væri reiðubúinn að leiðrétta þrjár ritvillur í endurriti af dóminum, en varðandi tvö atriði vísaði varnaraðili til sérstakrar yfirlýsingar, er hann hafði áður gefið sóknaraðilja. Þá segir í bréfi þessu: „Sé um að ræða missagnir í dómi málsins í öðrum þeim tilvikum, sem getið er í bréfi yðar, tel ég þau þess eðlis, að mér sé óheimilt að breyta þeim, en um þau verður að sjálfsögðu fjallað við væntanlegan flutning málsins í Hæstarétti“.

Lagaheimild skortir til kæru máls þessa. Ber því að vísa því frá Hæstarétti“.

Málsástæður þær, sem stefnandi byggir nú á hér fyrir dómi, koma í aðalatriðum fram í þeim sóknarskjöllum hans, sem þegar hafa verið rakin, og þó einkum í greinargerð hans til Hæstaréttar í kærúmalínu, sem tekin er upp hér að framan.

Í munnlegum málflutningi lagði stefnandi auk þess ríka áherslu á, að hann teldi, að einhverjar leiðir hlytu að vera færar fyrir íslenska þegna til að fá fram leiðréttingar á skjöllum, jafnbýðingarmiklum og dómum. Dómur hefði samkvæmt 1. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 fullt sönnunargildi um þau málsatvik, er í honum greinir, þar til hið gagnstæða sannaðist. Því yrðu að vera möguleikar á því að fá villur og missagnir í dómum leiðréttar, því annars væri hætt á því, að á þeim yrði byggt. Stefnandi kvað málssókn þessa af sinni hálfu byggjast alfarið á því, að dómur hefði sönnunargildi og héraðsdómurinn kæmi auk þess óbreyttur í dómasafni Hæstaréttar, jafnvel þótt sýnt hefði verið fram á það við málsmeðferð í Hæstarétti, að í héraðsdóminum væru villur og missagnir.

Málsástæður stefnda koma í aðalatriðum fram í greinargerð hans, en þar segir m. a.:

„Dómur í málinu nr. 2/1971 var uppkveðinn hér á bæjarþingiinu af mér hinn 4. júní 1974. Strax eftir það fór stefnandi að gera kröfur um ýmsar leiðréttingar á dóminum. Svaraði ég honum til, að þar sem um bersýnilegar vélritunavillur (stafavillur) væri að ræða í endurriti, skyldu þær fúslega leiðréttar. Ennfremur gaf ég honum yfirlýsingu, dags. 23. sept. 1974 (dskj. nr. 13), þess efnis, að hann hefði í málflutningi sínum ekki haldið því fram, að stefndi í málinu, Barnavinafélagið Sumargjöf, hefði brotið 4. skilyrði gjafabréfsins. Hafði stefnandi þá með stefnu, dags. 3. sept. 1974, áfrýjað málinu til Hæstaréttar, og var yfirlýsingin gefin honum til væntanlegrar framlagningar í Hæstaréttarmálinu. Önnur atriði í kröfum stefnanda taldi ég þess eðlis, að mér væri óheimilt að breyta, t. d. mínu eigin orðalagi í sumum tilvikum eða orðalagi, sem beint voru tekin eftir lögmanni stefnda í málinu.

Enn heldur stefnandi áfram að krefja um leiðréttingar með bréfi, dags. 26. september 1974 (dskj. nr. 3), og eru kröfurnar settar fram í 17 liðum. Svaraði ég þessu bréfi hans með bréfi, dags. 1. október 1974 (dskj. nr. 14), enda hafði ég engu við að

bæta fyrri yfirlýsingar mínar um þessi atriði. Þurfti ég síðan enn að gefa stefnanda þetta bréflega hinn 4. okt. 1974 (dskj. nr. 15).

Hinn 1. okt. 1974 kærir stefnandi til Hæstaréttar synjanir mínar á leiðréttingum og gerir þar þær kröfur, að mér verði gert að framkvæma leiðréttingarkröfur hans í framantöldum 17 liðum. Meðan kærumálið var til meðferðar hjá Hæstarétti, ritar stefnandi bréf til „embættis borgardómarans í Reykjavík“, dags. 17. okt. 1974, sem hefir að geyma einhvers konar málflutning í kærinni og ávirðingar í garð minn, embætti borgardómara og Hæstaréttar. Hinn 5. nóvember 1974 er kveðinn upp dómur í kærumálinu í Hæstarétti. Var kærumálinu vísað frá dómi, þar sem lagaheimild skorti fyrir kærinni (dskj. nr. 16).

Ég tel engan vafa vera um það, að máli þessu eigi að vísa frá dómi. Eins og rakið er hér að framan, er mál það, sem krafist er leiðréttingar á, komið til meðferðar Hæstaréttar, og þar er að sjálfsgöðu vettvangur fyrir stefnanda að koma að „aðfinningum“ sínum, svo sem ég hefi marg oft bent honum á. Um 3. kröfulið af hinum 17 er það að segja, að honum hefir staðið til boða leiðrétting á þeim, og var því óþarfi að stefna út af þeim. Um aðrar leiðréttingarkröfur er það að segja, að mér er óheimilt að gera þær breytingar. Vísa ég um það til 2. mgr. 195. gr. einkamállaga nr. 85/1936 (sbr. staflíð a, tölul. 1, staflíð B á bls. 284 í riti Einars Arnórssonar „Almenn meðferð einkamála í héraði, fjölritað 1941“).

Ég frábið mér aðdróttanir stefnanda í 3. lið stefnukrafna, sem ég tel ekki svaraverðar“.

Álit réttarins.

Í 195. gr. laga nr. 85/1936 er mælt fyrir um heimild dómara til leiðréttingar á dómi og einnig þá aðferð, sem viðhafa á við slíkar leiðréttingar, en í 2. mgr. 195. gr. segir: „Dómur er bindandi fyrir dómara, er hann hefur verið uppkveðinn, samkvæmt 2. málsg. 194. gr. Þó getur dómari, bæði af sjálfsdáðum og eftir kröfu aðilja, leiðrétt ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar skekkjur í dómi ...“.

Hið tilvitnaða ákvæði verður að skýra svo, að það sé alfarið á mati dómarans, hvaða leiðréttingar hann telur sér skylt eða heimilt að gera á dómi. Með gagnályktun verður niðurstaðan sú, að sá, er vill fá fram leiðréttingar umfram það, sem dómari telur réttmætt og heimilt, eigi ekki tiltæk önnur réttarfarsúrræði en áfrýjun. Samkvæmt því ber að vísa frá dómi máli, sem höfðað

er til að fá fram leiðréttingar eða breytingar á forsendum hliðsetts dómstóls, sbr. einnig 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936.

Þegar af þessari ástæðu verður að fallast á kröfu stefnda um frávisun máls þessa.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari, sem með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. júní 1975, var skipaður setudómari í máli þessu, eftir að yfirborgardómarinn í Reykjavík hafði með úrskurði 21. mars sl. vikið sæti, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. október 1975.

Nr. 22/1974. Sveinn Benediktsson

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Agnari Bogasyni og gagnsök

(Örn Clausen hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Ærumeiðingar. Fégjald.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 28. janúar 1974. Hann hefur uppi þessar kröfur fyrir Hæstarétti:

1. Að gagnáfrýjanda verði refsað samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og refsing verði þyngd.

2. Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla „og greiðslu kostnaðar við birtingu dóms í málinu“.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt skylt „að birta forsendur